

Priðjudaginn 19. júní 1973.

Nr. 90/1973: Hörður Ólafsson

gegn

Jörundi Á. Guðlaugssyni

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Máli vísað frá Hæstarétti.

#### Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, þeir Benedikt Blöndal, Björn Sveinbjörnsson, Hjörtur Torfason, Jóhannes L. L. Helgason og Skúli Pálsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. apríl 1973, sem Hæstarétti barst 5. júní s. á. Krefst hann þess, að þóknun fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 154.897.00. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr., sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 sæta kæru úrskurðir stjórnar félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannna „um endurgjald fyrir málflutningsstarf.“ Sóknaraðili hefur í máli þessu, bæði fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands og hér fyrir dómi, krafizt einnar ósundurliðaðrar fjárhæðar fyrir öll störf sín í þágu varnaraðilja, og í hinum kærða úrskurði er sóknaraðilja úrskurðuð ein fjárhæð fyrir þessi störf. Af gögnum málsins er sýnt, að sóknaraðili hefur innt af hendi ýmis störf fyrir varnaraðilja, sem ekki teljast til málflutningsstarfa, eins og skýra ber það hugtak í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942. Af þessu leiðir, að úrlausn stjórnar Lögmannafélags Íslands verður einungis skoðuð sem álitgerð, en ekki úrskurður, er kæru sætir samkvæmt

ákvæðum 4. mgr. 8. gr. sömu laga. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 5.000.00.

### D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Hörður Ólafsson, greiði varnaraðilja, Jörundi Á. Guðlaugssyni, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

### Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 21. marz 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, er lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands af hálfu sóknaraðilja, Jörundar Á Guðlaugssonar, Hjallabrekku 7, Kópavogi, með bréfi frá Jóni Þorsteinssyni, lögmanni hans, dags. 17. apríl 1972, þar sem stjórnin er beðin að skera úr ágreiningi milli hans og varnaraðilja út af þóknun fyrir lögfræðistörf, er varnaraðili vann í þágu sóknaraðilja á árinu 1971. Áður hafði varnaraðili kynnt stjórninni málið með bréfi, dags. 27. febrúar 1972, þar sem hann fór þess á leit við stjórnina, að hún tæki að sér að meta hæfilegt endurgjald fyrir þessi störf sín samkvæmt síðari greinargerðum aðiljanna og því, sem upplýsast kynni við meðferð málsins. Kvaðst varnaraðili þar telja ólíklegt, að unnt yrði að leysa ágreining aðiljanna um endurgjaldið, svo báðum mundi líka, nema með úrskurði óvilhallra aðilja. Hann gat þess enn fremur, að sér virtist reglur gjaldskrár Lögmannafélags Íslands ekki taka nema að litlu leyti til þeirra starfa, er hann hefði unnið, þannig að leiðbeininga um gjaldtökuna væri þörf. Í bréfinu kom fram, að sóknaraðili ætti innstæðu hjá varnaraðilja að fjárhæð kr. 154.897.00 vegna viðskipta þeirra.

Fyrir liggur í málinu reikningur varnaraðilja á hendur sóknaraðilja, dags. 14. marz 1972, þar sem störf hans eru stuttlega rakin. Telur varnaraðili þar vera um að ræða verkefni, sem þó virðast tengd þannig, að þau varða öll að einhverju leyti skuldastöðu sóknaraðilja vegna aðildar hans að fyrirtækinu Festarfélli h/f, Reykjavík, er hann rak um skeið ásamt tveimur öðrum aðalhlut höfum. Samkvæmt reikningnum er það tillaga varnaraðilja, að

laun hans fyrir störf að þessum verkefnum verði ákveðin alls kr. 250.000.00 án sérstakrar sundurliðunar.

Þessum reikningi hefur sóknaraðili mótmælt með bréfi, dags. 28. marz 1972, rituðu af lögmanni hans. Telur hann þóknun þá, er varnaraðili krefst, óhæfilega háa og sé hæfilegt endurgjald fyrir störfin kr. 50.000.00, en þá fjárhæð hafi sóknaraðili raunar þegar greitt á árinu 1971. Þá andmælir hann og lýsingu reikningsins á verkefnum varnaraðilja og störfum hans að þeim í tilteknum atriðum. Loks er farið fram á reikningsyfirlit frá varnaraðilja yfir stöðu viðskipta hans við sóknaraðilja og þeirri innstæðu sóknaraðilja, sem lýst er í áður nefndu bréfi varnaraðilja til stjórnarinnar, andmælt að svo stöddu sem of lágri.

Krafa varnaraðilja í málinu er sú, að endurgjald fyrir lögmannsstörf varnaraðilja í þágu sóknaraðilja á árinu 1971 verði ákveðið kr. 50.000.00 eða önnur hæfileg fjárhæð að mati stjórnarinnar. Jafnframt krefst hann þess, að varnaraðilja verði gert að greiða sér kostnað af málinu eftir mati stjórnarinnar.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að sóknaraðilja verði gert að leggja fram geymslugreiðslu (depositio), er svari mismuninum á fyrrgreindri inneign hans hjá varnaraðilja og reikningi varnaraðilja frá 14. marz 1972 (þ. e. kr. 250.000.00 ÷ kr. 154.897.00 = kr. 95.103.00) og verði málinu vísað frá að öðrum kosti, ef sú greiðsla bregðist. Til vara krefst hann þess, að fjárhæðin á reikningi hans frá 14. marz 1972 verði staðfest sem hæfileg þóknun fyrir þar greind störf. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hvernig sem málið fer.

Kröfu sína um geymslugreiðslu að viðlagðri frávísun málsins byggir varnaraðili á ákvæðum 12. gr. siðareglna (Codex ethicus) fyrir Lögmannafélag Íslands. Telur varnaraðili sýnt, að sóknaraðili hafi falið öðrum lögmanni, þ. e. umboðsmanni sínum í máli þessu, að ljúka afgreiðslu þeirra verkefna, er varnaraðilja hafi áður verið falin fyrir hann. Hafi sóknaraðili gert þetta án þess að hirða um að afla samþykkis varnaraðilja eða bera það undir hann að öðru leyti. Hjóti sóknaraðili að þurfa að inna af hendi geymslugreiðslu á upphæð þeirrar þóknunar, sem varnaraðili hafi síðan sett upp fyrir störf sín, sbr. ákvæði 2. málsg. 12. gr. siðareglanna, til að eiga yfirleitt rétt á úrskurði um ágreining þeirra um þóknunina.

Fram kemur í skjölum málsins, að sóknaraðili hafi sjálfur lokið afgreiðslu sumra þeirra erinda, er hann hafði falið varnaraðilja. Hins vegar er því eindregið haldið fram, að hann hafi gert

þetta á eigin spýtur ásamt mági sínum án aðstoðar annars lögmanns. Lögmaðurinn Jón Þorsteinsson hefur og lýst því yfir fyrir stjórninni, að hann hafi ekki tekið við umræddum verkefnum eða haft nein afskipti af þeim, heldur hafi sér einungis verið falið að aðstoða sóknaraðilja við úrlausn ágreiningsins um þóknun varnaraðilja og endanlegt uppgjör þeirra í milli. Þykir verða að leggja það til grundvallar, að hér sé rétt með farið, enda virðast umrædd verkefni hafa verið þess eðlis eða þannig á veg komin, að unnt væri að ljúka þeim án aðstoðar lögmanns.

Samkvæmt þessu verður að telja, að þau verkefni varnaraðilja, sem mál þetta tekur til, hafi ekki verið falin öðrum lögmanni. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki unnt að taka til greina kröfu varnaraðilja um geymslugreiðslu að viðlagðri frávísun málsins.

Störf varnaraðilja í þágu sóknaraðilja virðast aðallega hafa verið unnin á tímabilinu ágúst—október 1971. Í aðalatriðum voru þau annars vegar fólgin í að annast uppgjör fyrir sóknaraðilja á skiptum hans við kaupanda efri hæðar húseignarinnar nr. 7 við Hjallabrekku í Kópavogi, eignar sóknaraðilja, er hann hafði selt með kaupsamningi hinn 10. maí 1971 fyrir milligöngu Þorsteins Júlíussonar hæstaréttarlögmanns. Var kaupverð þeirrar eignar samtals kr. 1.950.000.00, en af því átti sóknaraðili ófengnar kr. 1.421.544.00 í peningum og skuldabréfum, þegar varnaraðili kom til sögunnar. Hins vegar var um að ræða aðstoð við skuldaskil milli sóknaraðilja og Samvinnubanka Íslands h/f, er taldist eiga þrjár víxilkröfur á hendur sóknaraðilja sem hér segir:

- a. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 500.000.00, tryggðum með veði í áðurnefndum eignarhluta sóknaraðilja í húseigninni Hjallabrekku 7 í Kópavogi samkvæmt tryggingarbréfi sömu fjárhæðar.
- b. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 1.000.000.00, tryggðum með veði í eignarhluta tengdaföður sóknaraðilja í sömu húseign samkvæmt tryggingarbréfum sömu fjárhæðar.
- c. Samkvæmt víxlum að fjárhæð samtals kr. 317.000.00, er virðast hafa verið án veðtryggingar, er varðaði sóknaraðilja.

Víxlar þessir, sem munu hafa verið gjaldfallnir um það leyti, er varnaraðili hóf afskipti af málinu, voru til komnir vegna áðurnefndrar aðildar sóknaraðilja að Festarfelli h/f. Var félagið samþykkjandi að flestum þeirra, a. m. k. öllum þeim, sem vísað er til

í a lið og c lið að framan, en sóknaraðili útgefandi eða ábyrgðarmaður ásamt öðrum aðalhluthöfum í fyrirtækinu.

Af málf lutningi aðilja má ráða, að Festarfell h/f hafi verið komið í greiðsluþrot á þeim tíma, er hér skiptir máli, en félagið var lýst gjaldþrota með úrskurði skiptaráðanda í Reykjavík hinn 14. desember 1972. Hafi Samvinnubankinn aðallega treyst á veð sín um greiðslu víxilskuldanna og sóknaraðilja persónulega að þeim slepptum, þar sem aðrir ábyrgðarmenn að víxlunum hafi verið miður gjaldfærir en hann. Hins vegar kemur fram, að sóknaraðili hafi talið heimild bankans að tryggingarbréfunum vefengjanlega fyrir einhverjar sakir og átt í stappi um að fá bankann til að skila þeim aftur til útgefenda. Telur varnaraðili það hafa verið hið fyrsta verkefni sitt fyrir sóknaraðilja að leita samninga við bankann um það mál. Kröfu sóknaraðilja um afhendingu bréfanna án greiðslu hafi bankinn algerlega synjað og hafi þá verið gengið til samninga við hann á öðrum grundvelli.

Samningur sóknaraðilja frá 10. maí 1971 um sölu eignarhlutans að Hjallabrekku 7 liggur ekki frammi í málinu, en ljóst er, að sóknaraðili átti að vera búinn að leysa veð Samvinnubankans samkvæmt a lið að framan af eignarhlutanum hinn 15. ágúst 1971 ásamt áhvílandi veðskuld við Lífeyrissjóð múrara og fjárnámskuld við Útvegsbankann. Hafi afsal átt að fara fram á þeim degi gegn greiðslu meginhlutans af útborgun kaupanda í eigninni, kr. 650.000.00, og öðrum ráðstöfunum hans megin. Þetta hafi sóknaraðilja ekki tekizt og hafi kaupandi því stöðvað efndir að sínu leyti og lagt við hótun um riftun á kaupunum.

Gögn um störf varnaraðilja frá þeim tíma, er að þeim var unnið, liggja ekki fyrir í málinu önnur en skriflegt umboð, útgefið 1. september 1971, er sóknaraðili veitti varnaraðilja til að ganga frá uppgjöri um eignarhlutann að Hjallabrekku 7, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Jörundur Á. Guðlaugsson, Hjallabrekku 7 í Kópavogi, veiti hér með Herði Ólafssyni, hrl., Austurstræti 14, umboð til eftirfarandi ráðstafana fyrir mína hönd:

1. Til að undirrita afsalsbréf til Guðrúnar Sigurgeirsdóttur skv. kaupsamningi mínum við hana, dags. 10. maí s.l., um eignarhluta minn í Hjallabrekku 7, efri hæðina með því, sem fylgir.

2. Til að taka við greiðslum þeim, sem ég á eftir að fá fyrir eignarhlutann:

a. Greiðsla í peningum 15. ágúst s.l.,	650.000.00
b. Greiðsla með víxli per 15. okt. n. k.,	70.000.00
c. Greiðsla með veðskuldabréfum, tryggðum með fjórða veðrétti í fjögurra herbergja íbúð á 2. h. t. v. á Kleppsvegi 216 næst á eftir veðskuldum að fjárhæð kr. 296.000.00 og heimild til veðsetningar að fjárhæð kr. 300.000.00	555.000.00
d. Greiðsla með veðskuldabréfi tryggðu með þriðja veðrétti í Hjallabrekku 7,	146.544.00
Áður í peningum	280.000.00
Yfirtekin veðskuld við Veðd. Landsb.	248.456.00
	<hr/>
	1.950.000.00

3. Að skilja eftir kr. 70.000.00 í vörzlu Þorsteins Júlíussonar, lögmanns, Skólavörðustíg 12, til tryggingar tilteknum efndum af minni hálfu á skriflegu loforði mínu, dags. 21. ágúst s.l.

4. Að greiða Þorsteini eftirstöðvar sölulauna.

5. Að afhenda Samvinnubankanum í Keflavík ofangreind veðbréf undir c lið, að fjárhæð kr. 555.000.00, með þeim skilmálum, að kr. 500.000.00 af þeim veðbréfum komi í stað tryggingarbréfs míns að fjárhæð kr. 500.000.00, sem bankanum var látið í té til tryggingar víxilláni Festarfelds h/f, enda afhendi bankinn tryggingarbréfið jafnframt, kvittað með áritun um heimild til aflýsingar þess.

6. Að semja um og greiða víxilskuld mína við Útvegsbankann, sem fjárnám hefur verið gert fyrir.

7. Að greiða skuld mína við Lífeyrissjóð múrara að eftirstöðvum kr. 90.000.00.“

Jafnframt liggur frammi endurrit af viðskiptareikningi sóknaraðilja hjá varnaraðilja, svohljóðandi:

„1971

1.9. Pro: Þorsteinn Júl. v. Guðr. Sigurg.	374.000.00
An: Est. sölulaun til Þorsteins	24.000.00
Pro: Seld 10 ára veðsk.br. Samvb. nafnv. kr. 555.000.00 + 3.-	
700.00	558.700.00

An: Innl. víxlar, 499.000.00 + kostn.	545.832.00	
An: Gr. til Samv.v. á conto v. v. Festarf.	12.868.00	
29.9. Pro: Þorsteinn Júl. v. Guðrúnar Sigurg.d.		4.897.00
5.10. An: Pen.	200.000.00	
31.12. Mism.	154.897.00	
		<hr/>
	937.597.00	937.597.00
1972		
1.1. Pro: Inneign		154.897.00“

Að öðru en þessu er lýsing málavaxta aðallega byggð á skriflegum og munnlegum málflutningi aðilja fyrir stjórninni, þar á meðal á reikningi varnaraðilja frá 14. marz 1972, sem telja má til málflutningsskjala.

Störf sín fyrir sóknaraðilja rekur varnaraðili þannig, að honum hafi verið falið hinn 23. ágúst 1971 að ganga úr skugga um, hvort veðbréf það, er Samvinnubankinn hafði undir höndum samkvæmt a lið að framan, fengist afhent án greiðslu tilheyrandi víxla svo og tryggingarbréf þau, er um ræðir í b lið. Því erindi hafi verið synjað, sem fyrr segir. Hins vegar hafi bankinn fallið á að kaupa af sóknaraðilja skuldabréf þau að fjárhæð kr. 555.000.00, er hann átti að fá frá kaupanda íbúðar sinnar með 4. veðrétti í íbúð að Kleppsvegi 216 gegn innlausn af hálfu sóknaraðilja á hinum gjaldföllnu víxlum, er veðið átti að tryggja, sbr. c lið 2. gr. og 5. gr. umboðsins frá 30. september. Frá þessum kaupum var gengið, svo sem m. a. kemur fram í 3.—5. færslu á ofangreindum viðskiptareikningi milli aðiljanna. Var kaupverð bréfanna með áföllnum vöxtum kr. 558.700.00, en innlausnarverð víxlanna kr. 545.832.00. Mismunurinn, kr. 12.868.00, fór til greiðslu upp í skuldir Festarfells h/f við Samvinnubankann, og var það skilyrði af bankans hálfu. Tryggingarbréfið og hina innleystu víxla afhenti bankinn varnaraðilja. Um samninga þessa fjallar 1. liður reiknings varnaraðilja.

Eftir samningaumleitunirnar við Samvinnubankann kveður varnaraðili það hafa komið til hinn 30. ágúst 1971 að sinna kröfu kaupanda eignarhlutans að Hjallabrekku 7 um lausn veðbanda og afsal að viðlagðri riftun svo og að tryggja efndir á greiðslum kaupanda. Um þetta fjallar 2. liður reiknings varnaraðilja. Í þessu

sambandi virðist lausn mála gagnvart Samvinnubankanum hafa verið aðalatriðið og hafi aðiljar að henni fenginni náð samkomulagi um uppgjör á þeim grundvelli, sem ofanritað umboð gerði ráð fyrir. Framkvæmdin sýnist hafa orðið sú, að verðbréfaskiptin við Samvinnubankann samkvæmt 5. lið umboðsins hafi farið fram samdægurs hinn 2. september 1971, sbr. ofanritaðan viðskiptareikning. Jafnframt hafi kaupandi eða þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður fyrir hennar hönd haldið eftir kr. 276.000.00 af útborgun kaupanda til greiðslu á áhvílandi skuldum samkvæmt 6. og 7. lið umboðsins við Útvegsbankann (kr. 107.710.00) og Lífeyrissjóð múrara. Mismuninn, kr. 374.000.00, hafi Þorsteinn greitt varnaraðilja að frádregnum umsömdum sölu-launum sínum, sbr. 4. lið umboðsins. Greiðsla á umræddum skuldum hafi svo átt sér stað í framhaldi af þessum aðgerðum og Þorsteinn skilað afgangi geymslufjárins til varnaraðilja hinn 29. september 1971, sbr. viðskiptareikninginn.

Afsal sóknaraðilja til kaupanda liggur ekki frammi í málinu, en gildandi afsal kaupanda var gefið út hinn 21. september 1973 af sóknaraðilja sjálfum og þinglýst í Kópavogi hinn 8. nóvember 1971.

Loks kveður varnaraðili það hafa verið eftir í sambandi við fasteignakaupin að leysa úr kröfu kaupanda um greiðslu á kr. 70.000.00 vegna þess, sem sóknaraðili hefði átt ógert samkvæmt kaupsamningnum. Fjallar 3. liður reiknings hans um þessa kröfu, sem snerist um efndir á því skriflega loforði sóknaraðilja til kaupanda frá 21. ágúst 1971, er um ræðir í 3. lið umboðsins frá 1. september 1971. Kveðst varnaraðili hafa gengið til samninga um það mál hinn 30. september og þá við Jóhann Níelsson héraðsdómslögmann fyrir hönd kaupanda. Málalokin hafi orðið þau, að kaupandi hafi fallizt á að lækka fjárhæð þá, er geymd var hjá Þorsteini Júlíussyni þessa vegna um kr. 30.000.00 og tekið við kr. 40.000.00 sem fullnaðargreiðslu í efnda stað.

Í 4.—5. lið reiknings varnaraðilja er síðan fjallað um frekari skipti hans við Samvinnubankann fyrir hönd sóknaraðilja, þ. e. vegna víxilskulda þeirra að fjárhæð kr. 1.000.000.00 og kr. 317.000.00, sem um getur hér að framan. Um þær skuldir skýrir varnaraðili svo frá, að bankinn hafi höfðað tvö mál til greiðslu þeirra um hinn 7. október 1971 á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Festarfalli h/f, sóknaraðilja, Páli Ásgrímssyni og Friðþjófi Karlsyni. Hafi varnaraðili mætt í þessum málum. Jafnframt hafi náðst samningar við bankann þess efnis, að skuldirnar yrðu greiddar

á 15 árum. Þetta hafi sóknaraðili ekki viljað samþykkja að svo stöddu og hafi þingsókn því verið hætt og málin dæmd á hendur stefndu. Ekki er ljóst af reikningnum, hvort varnaraðili telur umrædda samninga hafa komið til orða, áður en málin voru höfðuð, en telja verður, að tilvísun hans milli 1. og 4.—5. liðs reikningsins beri að skilja á þá lund.

Í 6. lið reiknings varnaraðilja kemur svo fram að lokum, að hann hafi tekið að sér að innheimta hjá Sigurjóni Magnússyni og Þungavinnuvélum h/f kröfu sóknaraðilja að fjárhæð kr. 39.000.00 samkvæmt einum af þeim víxlum, er innleystir höfðu verið fyrir sóknaraðilja hjá Samvinnubankanum. Hafi varnaraðili gefið út stefnu til bæjarþings fyrir kröfunni hinn 13. október 1971. Af þingfestingu málsins hafi þó ekki orðið, þar sem nefndur Sigurjón hafi mætt á bæjarþingi og sýnt þar gilda gagnkröfu, sem dómur var fyrir, að fjárhæð kr. 30.000.00. Hafi innheimtan þar með fallið niður án frekari aðgerða.

Lýsingu varnaraðilja á störfum sínum er eindregið mótmælt af hálfu sóknaraðilja, að því er varðar þá samninga við Samvinnubankann, að víxilskuldirnar að fjárhæð kr. 1.317.000.00 hafi mátt greiðast á 15 árum. Segir sóknaraðili, að varnaraðili hafi hvorki gert þessa samninga né verið falið að gera þá. Þessi greiðslukjör hafi ávallt staðið til boða af bankans hálfu, en ekki verið gengið frá samningum þar að lútandi, fyrr en eftir að mál þetta kom fyrst fyrir stjórnina. Hafi sóknaraðili gert það sjálfur ásamt Páli Ásgrímssyni. Á sama hátt hafi það ekki verið fyrir tilverknað varnaraðilja, að Samvinnubankinn keypti ofangreind veðskuldaþréf sóknaraðilja að fjárhæð kr. 555.000.00. Hlutverk varnaraðilja hafi einungis verið að framkvæma skipti á bréfnum, eins og umboðið frá 1. september beri með sér. Í öðrum atriðum hefur lýsingunni ekki verið mótmælt, svo máli skipti.

Varnaraðili heldur fast við það, sem fram kemur í reikningnum frá 14 marz 1972. Hefur hann lagt fram í málinu vottorð Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns þess efnis, að afskiptum varnaraðilja af þeim málum varðandi Samvinnubankann, sem reikningurinn greinir, sé þar rétt lýst, en Jón starfaði að þessum málum sem lögmaður bankans. Í vottorðinu kemur og fram, að þeir samningar, sem sóknaraðili gerði endanlega við bankann um lúkningu þeirra víxilkragna, er dæmdar voru á hendur honum, hafi einnig byggzt á greiðslufresti skuldurinum til handa, en fresturinn þá verið skemmri en var hjá varnaraðilja, þ. e. 14 ár. Samningarnir

voru gerðir um hálfu ári eftir, að upp úr slitnaði milli sóknaraðilja og varnaraðilja.

Málsaðiljar hafa ekki fært fram önnur sönnunargögn um þetta ágreiningsatriði, og samræmdari eða fyllri frásögn um það en hér kemur fram er ekki til að dreifa frá þeirra hendi. Ekki er sannað í málinu, að greiðslufrestur sá, sem sóknaraðili fékk hjá Samvinnubankanum, hafi verið varnaraðilja að þakka í þeim skilningi, að hann hefði ekki fengizt, ef aðstoðar varnaraðilja sem lögmanns hefði ekki notið við. Má og segja, að þetta sé ekki staðhæft í reikningi varnaraðilja, a. m. k. að því leyti sem reikningurinn styðst við vottorð Jóns Finnssonar hæstaréttarlögmanns, auk þess sem það er ekki óhjákvæmilegt skilyrði þess, að varnaraðili eigi rétt til þóknunar. Hitt má telja ljóst, að varnaraðilja var falið fyrirsvaer fyrir sóknaraðilja um skuldaskil gagnvart bankanum og að þar hafi verið um umtalsvert starf að ræða. Þykir sýnt, að þetta verkefni varnaraðilja hafi ekki einungis náð til þeirra víxilskulda, sem tryggðar voru með veði í húseign sóknaraðilja, sbr. 1. lið reikningsins, heldur einnig hinna, sem um getur í 4.—5. lið. Hafi umboð varnaraðilja a. m. k. náð til að gæta réttar sóknaraðilja í þeim málum, er bankinn höfðaði til greiðslu síðari skuldanna, og þá eftir atvikum til að leita á þeim friðsamlegrar lausnar, þótt sóknaraðili hafi ekki fyrr en síðar viljað fara þá leið, sem varnaraðili mælti með.

Samkvæmt þessu þykir verða við það að miða, að sóknaraðilja hafi í fyrstu verið umhugað að reyna ýtrustu leiðir gagnvart Samvinnubankanum, og þá fyrst og fremst það að fá veðum bankans skilað án greiðslu, þannig að eftirleikurinn yrði skuldurunum þeim mun léttari. Hafi varnaraðilja verið falið að kanna þá leið, en hann talið hana vonlausa eða óráðlega eftir atvikum og réttara að leita lausnar eftir þeim samkomulagsleiðum, sem til greina kæmu af hálfu bankans. Þetta hafi málsaðiljar verið sammála um, að því er varðaði veðkröfu bankans í húseign sóknaraðilja, enda leiddu þeir hana sameiginlega til lykta, eins og að framan er lýst. Varðandi síðari kröfurnar hafi sóknaraðili hins vegar ekki viljað hverfa að svo stöddu frá hinni harðari stefnu og neitað að taka við því samkomulagi, sem varnaraðili ráðlagði. Hafi þessi ágreiningur verið þáttur í því, að málsaðiljar skildu að skiptum, hvort sem fleira kom þar til eða ekki. En ljóst þykir, að varnaraðili eigi einnig rétt á þóknun fyrir störf sín að þessum síðari kröfum, þótt honum hafi ekki tekizt að binda enda á málin.

Störf varnaraðilja fyrir sóknaraðilja samkvæmt framansögðu lúta aðallega að skuldaskilum, sbr. 1., 4. og 5. lið reikningsins frá 14. marz 1972, og má segja, að það taki einnig til þeirra starfa, er sérstaklega snertu kaupin um húseignina Hjallabrekku 7. Þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim ákvæðum gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, er um skuldaskil fjalla (16. gr.), við ákvörðun um þóknun varnaraðilja. Í síðasta lið reikningsins er vísað til innheimtu, sem varnaraðilja var falin í framhaldi af skuldaskilunum, og verður jafnframt höfð hliðsjón af 4. og 11. gr. gjaldskrárinnar, að því er hana varðar. Hins vegar þykir ekki ástæða til að gera slíkt sérstaklega varðandi erindi það, sem lýst er í 3. lið reikningsins. Loks ber að taka tillit til 4. gr. gjaldskrárinnar í sambandi við þingsókn varnaraðilja í málum sóknaraðilja samkvæmt 4.—5. lið reikningsins.

Eftir að málið var upphaflega flutt fyrir stjórninni, var varnaraðilja gefinn kostur á að leggja fram sundurliðun á reikningi sínum, ef hann teldi þess þörf, en þóknun hans er í reikningnum sett fram í einu lagi, sem fyrr segir. Sá varnaraðili ekki ástæðu til þessa. Af hálfu sóknaraðilja er því hins vegar haldið fram, að honum sé nauðsyn á sundurliðun vegna þess, að hann kunni að eiga endurkröfurétt á hendur samskuldurum sínum fyrir því, sem hann þurfi að greiða fyrir störf varnaraðilja að þeim málum, er vörðuðu Festarfell h/f, þ. e. samkvæmt 4.—5. og að hluta samkvæmt 1. lið reikningsins.

Varnaraðili hefur ekki gert grein fyrir þeim tíma, sem til starfa hans fór, en ætla má, að þau hafi verið nokkuð umstangssöm. Í reikningi sínum bendir hann hins vegar á þann hagnað, sem sóknaraðili hljóti að hafa af greiðslufresti sínum hjá Samvinnubankanum, en það atriði þykir ekki skipta sérstöku máli, eins og hér er ástatt.

Af hálfu sóknaraðilja hefur það verið vefengt, að inneign hans hjá varnaraðilja sé rétt tilgreind á viðskiptareikningi þeim, sem hinn síðarnefndi hefur lagt fram samkvæmt framansögðu. Telur hann þar vanta greiðslur að fjárhæð samtals kr. 50.000.00, er hann hafi innt af hendi til varnaraðilja á árinu 1971, svo og endurgreiðslu frá Landsbanka Íslands á geymslufjárinnstæðu vegna Festarfells h/f að fjárhæð kr. 36.966.70. Við flutning málsins hefur varnaraðili lagt fram yfirlýsingu undirritaða af sóknaraðilja og fleirum hinn 23. maí 1971, er gefur til kynna, að nefndar kr. 50.000.00 hafi að efni til verið greiðsla upp í væntanlegan reikning vegna starfa fyrir Friðþjóf Karlsson og Festarfell h/f. Þá hefur

hann og lagt fram bankakvittun ásamt yfirlýsingu frá Friðþjófi Karlssyni frá árinu 1971, er bendir til þess, að umrædd innstæða að fjárhæð kr. 36.966.70 hafi verið frá Friðþjófi komin, en ekki sóknaraðilja. Aðiljar hafa ekki lagt ágreining þennan undir úrskurð stjórnarinnar, og virðist hann ekki þannig vaxinn, að ástæða sé til, að stjórnin láti það mál til sín taka.

Eftir atvikum þykir mega ákveða þóknun varnaraðilja í einu lagi fyrir öll sörf hans, er að framan greinir. Þegar allt er virt, sem að framan er rakið, þar á meðal verðmæti þau, sem verkefni varnaraðilja tóku til (kr. 1.421.000.00 ÷ 1.317.000.00), þykir sú þóknun réttilega ákveðin kr. 90.000.00. Af þeirri fjárhæð þykir rétt að telja kr 48.000.00 til þeirra mála, sem sóknaraðili hefur óskað aðgreiningar um samkvæmt framansögðu, án þess að afstaða sé þar með tekin til þess, hvort sú aðgreining muni skipta hann máli.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 upp í málskostnað.

**Því úrskurðast:**

Þóknun varnaraðilja, Harðar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir lögfræðistörf í þágu sóknaraðilja, Jörundar Á. Guðlaugssonar, ákveðst kr. 90.000.00.

Varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 8.000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 20. júní 1973.

Nr. 98/1973: Valdstjórnin

gegn

**Einari Sverri Einarssyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar:**

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 15.